

Miðvikudaginn 21. júní 1950.

Nr. 55/1949. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Jónasi Þorbergssyni (Lárus Jóhannesson)

og **Jóni Alexanderssyni** (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ómerking héraðsdóms sökum ófullkominnar rannsóknar.

Dómur Hæstaréttar.

Prófum máls þessa er áfátt í meginatriðum.

Áður en málið var dæmt í héraði, hefði rannsóknardómarinn átt að rannsaka ýtarlega, hvort rétt væri að telja útvarpsvirkjun handiðnað, sbr. 1. gr. laga nr. 105/1936. M. a. átti dómariinn að fá lýsingu sérfróðra manna á námi og starfi útvarpsvirkja svo og álitsgerð hinna sérfróðu manna um það, hvort útvarpsvirkjun sé þess eðlis, að hún geti talizt handiðnaður.

Sakir þessara galla á meðferð málsins þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og dæma allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00, og málflutningslaun skipaðra verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun sækjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars Arnórssonar, kr. 700.00, og málsvarnarlaun verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. janúar 1949.

Ár 1949, þriðjudaginn 18. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni fulltrúa saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 227—228/1949: Valdstjórnin gegn Jónasi Þorbergssyni og Jóni Alexanderssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ. m., er að fyrirlagi dómsmálaráðu-neytisins höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn hinum kærðu fyrir brot gegn lögum nr. 18/1927 um iðju og iðnað, sbr. lög nr. 105/1936, og lögum nr. 100/1938 um iðnnám.

Kærðir eru Jónas Þorbergsson útvarpsstjóri, Ásvallagötu 1, hér í bæ, og Jón Alexandersson forstöðumaður Viðgerðarstofu útvarpsins, Viðimel 39, hér í bæ. Báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Jónas fæddur 22. janúar 1885 og Jón 23. febrúar 1900. Hvorugur þeirra hefur áður sætt kær-um né refsingum.

Málavextir eru sem hér segir:

Nokkru eftir að Ríkisútvarpið var stofnað 1930, var í sambandi við það stofnuð viðgerðarstofa til að gera við útvarpsviðtæki, og hefur viðgerðarstofa þessi síðan verið rekin sem ein deild Ríkisútvarpsins. Undanfarin ár hefur staðið yfir deila milli starfsmanna Viðgerðarstofunnar annars vegar og forstöðumanns Ríkisútvarpsins hins vegar um kjör og réttindi starfs-manna Viðgerðarstofunnar. Hafa starfsmennirnir krafizt þess, að þeir verði haldnir sem iðnnemar samkvæmt lögum um iðnnám nr. 100 11. júní 1938 og reglugerðum settum samkvæmt þeim, gerðir verði við þá náms-samningar og menntun þeirra hagað að öðru leyti í samræmi við iðnlög. Þetta hafa forstöðumenn Ríkisútvarpsins ekki viljað fallast á og borið fyrir sig reglur fjarskiptalaganna nr. 30 27. júní 1941 og reglugerðar samkvæmt þeim. Eftir að mál þetta hafði verið til athugunar hjá atvinnumála-ráðherra, var hafin opinber rannsókn á því, og lauk henni með því, að dómsmálaráðuneytið fyrirskipaði höfðun máls þessa á hendur útvarps-stjóra og forstöðumanni Viðgerðarstofunnar.

Í máli þessu liggur sú staðreynd fyrir, að við nemendur á Viðgerðarstofu útvarpsins hafa alls ekki verið gerðir námssamningar né að öðru leyti farið eftir ákvæðum iðnlaga um starf þeirra og námstilhögun. Er þá að athuga, hvort slík háttsemi sé brot gegn lögum þeim, er málshöfðunin tekur til.

Með reglugerð nr. 100 3. júlí 1942 um breytingu á reglugerð nr. 38 29. marz 1941 um iðnnám, settri af atvinnumálaráðherra, er útvarpsvirkjun tekin upp sem einn liður rafmagnsiðnaðar og reglur settar um próf í útvarps-virkjun. Á þessum grundvelli munu síðan allmargir menn hafa fengið rétt-indi til útvarpsvirkjunar sem iðnaðarmenn, og starfa allmargir sjálfstætt að útvarpsviðgerðum á grundvelli iðnlaga. Til er hér í bæ félagsskapur, sem kallast Félag útvarpsvirkja, og hefur það látið mjög til sín taka í máli því, er hér um ræðir, og beitt sér fyrir því með tilvísun til nefnds reglugerðarákvæðis við Ríkisútvarpið, að starfsmenn á Viðgerðarstofu út-varpsins væru ráðnir sem iðnnemar og fengju menntun í samræmi við það.

Ekki virðast hafa verið nein ákvæði í lögum um starfsemi útvarpsvið-

gerðarmanna, fyrr en sett eru lög nr. 30 27. júní 1941 um fjarskipti, en með 2. tl. 2. gr. þeirra er ríkinu veittur einkaréttur á að flytja inn, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki. Með 10. gr. er póst- og símamálastjórninni falin framkvæmd einkaréttar þessa, en þó m. a. undanskilin framkvæmd þeirra mála, sem ríkisútvarpinu eru falin með sérstökum lögum. Í reglugerð um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála nr. 70 9. maí 1942, setti af póst- og símamálaráðherra, eru ákvæði þessi tekin upp, og í 2. gr. reglugerðarinnar segir, að óski einstakir menn, félög eða stofnanir leyfis til framkvæmda, er heyri undir framangreindan rétt ríkisins, skuli sótt um leyfi til þess til póst- og símamálastjórnarinnar. Þá er hinn 15. júlí sama ár sett reglugerð af póst- og símamálastjórninni um viðgerðir útvarps- og loftskeyta-viðtækja (nr. 140) með heimild í 4. gr. reglugerðar nr. 70 9. maí 1942. Samkvæmt henni skal almennt þurfa leyfi póst- og símamálastjórnarinnar til að fást við viðgerðir útvarpstækja o. þ. h. Þetta nær þó eigi til starfa, sem framkvæmd eru í umboði Landssímans eða Ríkisútvarpsins. Enn fremur eru settar reglur um próf þeirra, er leyfis beiðast, og reglur um leyfisbréf til viðgerða á viðtækjum.

Er athugaðar eru reglur fjarskiptalaganna og reglugerðanna samkvæmt þeim, er ljóst, að við setningu þeirra er eigi gert ráð fyrir, að útvarpsviðgerðir séu iðngrein. Er hvergi minnst á það í reglugerð nr. 140/1942, hver aðstaða iðnlærðra útvarpsvirkja sé, og yfirleitt verður ekki séð, að ákvæðum hennar og iðnlaganna verði beitt í fullu samræmi. Verður að líta svo á, að reglugerð nr. 140/1942 ætlist til, að ákvörðun um hæfi manna til viðtækjaviðgerðar sé algerlega í höndum póst- og símamálastjórnarinnar, en Landssíma og Ríkisútvarpi er jafnframt með reglugerðinni heimilað að fást við slíka starfsemi.

Þegar bornar eru saman og athugaðar réttarreglur þær, er nú hafa verið raktar, verður að telja ljóst, að starfsemi Viðgerðarstofu útvarpsins sem deildar af ríkisútvarpinu með þeim hætti, sem hún hefur verið rekin, sé í samræmi við reglur fjarskiptalaganna og reglugerða settum samkvæmt þeim. Háttur sá, sem útvarpsstjóri og forstöðumaður Viðgerðarstofu útvarpsins hafa haft á ráðningu starfsmanna, er hins vegar ekki í samræmi við iðnnámslög. En þar sem það byggist einungis á reglugerðarákvæði, að útvarpsvirkjun skuli teljast iðngrein og um hana fara að iðnlögum, en fjarskiptalögin sjálf gera beinlínis ráð fyrir, að um starfsemi þessa skuli fara með öðrum hætti, sem nánar er gert grein fyrir í reglugerðunum nr. 70/1942 og 140/1942, þykir háttur sá, sem hafður hefur verið á ráðningu nemenda á Viðgerðarstofu útvarpsins, eigi verða talinn hinum kærðu til sakar sem brot á ákvæðum lagafyrirmæla þeirra, sem mál er höfðað út af.

Af nefndum ástæðum þykir verða að sýkna hina kærðu af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákveða ber, að sakarkostnaður allur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra talsmanna hinna kærðu, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 250.00 til hvors.

Dráttur sá, sem varð á rekstri málsins, stafar af því, að skipaður tals-

maður kærða Jónasar Þorbergssonar, Lárus Jóhannesson, skilaði ekki vörn í málinu fyrr en 14. þ. m., og hefur hann í vörninni gert grein fyrir ástæðum til þess. Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð :

Kærðu, Jónas Þorbergsson og Jón Alexandersson, skulu vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra talsmanna kærðu, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, 250.00 kr. til hvors.

Miðvikudaginn 21. júní 1950.

Kærumálið nr. 6/1950.

G. Kristjánsson & Co. h/f

gegn

Einari Einarssyni

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Hrundið beiðni um skriflegan flutning máls.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. maí þ. á., hingað kominni 5. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, uppkveðinn 23. maí þ. á., þar sem varnaraðilja var leyfður skriflegur flutningur máls milli aðilja fyrir sjó- og verzlunardóminum. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur ekki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Ofangreint mál aðilja fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur höfðaði sóknaraðili á hendur varnaraðilja með stefnu 21. febrúar 1948, og var málið þingfest í héraði 6. marz s. á. Hinn 8. maí 1948 ákvað héraðsdómurinn, að málið skyldi munnlega flutt. Eftir það fengu aðiljar sameiginlega fresti til